

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015,
Högnastaðir - frístundabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 17. desember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í því að þéttleiki frístundabyggðar í landi Högnastaða, F25, breytist til samræmis við þéttleika annarra frístundasvæða í sveitarfélaginu og gert er ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum í stað 10-15.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2009.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.